

5. gr.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt ákvörðun stjórnar í fyrsta sinn árið 2004. Á hverju ári er stjórninni heimilt að veita allt að 10% af uppreiknuðum höfuðstól sjóðsins í árslok undangengins almanaksárs, þó ekki af óskerðanlegu stofnfé sbr. 4. gr., til sérstakra verkefna á sviði náttúru- og menningarminja í Austur-Skaftafellssýslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

6. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á skipulagsskrá sjóðsins ef þjóðfélagshættir og aðstæður hafa breyst svo mjög frá því að skipulagsskráin var staðfest að markmiðum hennar verður ekki náð að öðrum kosti, en eingöngu í samráði við stofnanda sjóðsins. Slíkar breytingar skal eingöngu gera að allir stjórnarmenn séu sammála þeim. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðunar á öllum breytingum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag orlofshúsa í Búðargili, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 4. febrúar 2003 samþykkt nýtt deiliskipulag orlofshúsabyggðar í Búðargili.

Skipulagið tekur til svæðis sunnan lóðar Fjórdungssjúkrahússins, frá botni Búðargils upp að Þórunnarstræti, og gerir ráð fyrir 22 orlofshúsum ásamt þjónustuhúsum, með aðkomu um götu út úr Þórunnarstræti, sem jafnframt verður tenging við lóð FSA.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. mars 2003.

Bjarni Reykjalin skipulags- og byggingarfulltrúi.